



## STJÓRN SSH 462. fundur

Mánudaginn 8. október 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

Fjarverandi: Dagur B. Eggertsson og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Ljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu – Leiðir til úrbóta.  
Lilja G. Karlsdóttir frá Viaplan og Albert Sveinsson frá Swarco í Noregi mættu á fundinn og kynntu fyrirkomulag og tæknilausnir við stýringu umferðarljósa í Osló.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur eðlilegt að málið verði skoðað frekar í tengslum við útfærslu á aðgerðum til úrbóta á samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.

- b) Samantekt vegna fyrirbyggjandi verkefna sem tengjast úrbótum í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.  
Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra og yfirlit yfir fyrirbyggjandi verkefni.

### 2. Búsetuúrræði fyrir ungmenni – tillögur starfshóps /málsnr. 1808002

Snorri Aðalsteinsson sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti fyrirbyggjandi tillögur starfshóps um möguleika á samstarfi sveitarfélaganna við rekstur á sameiginlegu búsetuúrræði.

Umræður

Niðurstaða:

Málið verður skoðað frekar í hverju einstöku sveitarfélagi og tekið til frekari umræðu að þeirri skoðun lokinni.

### 3. „Græni stígurinn“ – erindi Skógræktarfélags Íslands /málsnr. 1701003

Fyrir lá erindi frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem vakin er athygli á ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2018 um nauðsyn þess að sveitarfélögin hugi að frekari framkvæmdum vegna uppbyggingar Græna stígsins.

Framkvæmdstjóri lagði til að málið yrði tekið til frekari skoðunar á sameiginlegum fundi garðyrkjustjóra sveitarfélaganna.

Samþykkt.



**4. Erindi velferðarráðuneytisins – beiðni um tilnefningu fulltrúa SSH í stýrihóp vegna málefna utangarðsfólks /málsnr. 1809005**

Samþykkt að tilnefna Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, sem fulltrúa SSH í stýrihópinn.

**5. Fundur með fjárlaganefnd**

Framkvæmdastjóri upplýsti um væntanlegan fund fulltrúa SSH með fjárlaganefnd Alþingis miðvikudaginn 24. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40